

Svör við spurningum A lista frá sveitarstjórnarfundi 1372.

- Í lok pósta frá oddvita/sveitarstjóra er klausa „Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu“ Er allur tölvupóstur sem oddviti/sveitarstjóri sendir trúnaðarmál?

= Nei.

- Í þessari klausu sem er sett neðst í tölvupósta sem berast frá oddvita/sveitarstjóra er ekki vitnað í nein lög eða reglur. Skv. 42. gr. stjórnarsýslulaga er eingöngu heimilt að ákveða að upplýsingar lúti þagnarskyldu sé það nauðsynlegt til verndar ákveðnum opinberum hagsmunum eða einkahagsmunum á grundvelli 1. mgr. Hvernig samræmist það upplýsinga- og stjórnarsýslulögum að flokka allan tölvupóst sem trúnaðarmál? Skv. 42. gr. stjórnarsýslulaga skulu trúnaðarmerkingar byggðar á lagaheimildum.

= Það er ekki allur póstur flokkaður þannig og þetta benti oddviti á í sínu máli á sveitarstjórnarfundi 1372. Þar vísaði oddviti til þess að stundum er ekki nóg að neðanmálsklausa um trúnaði sé í póstinum, ef eðli máls heimilar birtingu.

- Sveitarstjóri/oddviti hefur sent tölvupósta til sveitarstjórnarmanna sem hann hefur flokkað sem trúnaðarmál með því að merkja með hástöfum TRÚNAÐARMÁL í efnislinu t.d. í bréfum frá 30.12.2022 og 8.11.2023. Voru þeir póstar meiri trúnaðarmál en hinir dags daglegu tölvupóstar frá oddvita/sveitarstjóra? Á hvaða lagaheimildum byggjast trúnaðarmerkingar á tölvupóstum sveitarstjóra/oddvita?

= Ef bréfitari merkir sinn póst sem trúnaðarmál og/eða óskar eftir því að trúnaður sé haldinn, ber móttakanda að fara eftir því. Það er ekki móttakandans að meta og ákveða hvort um trúnaðarupplýsingar sé að ræða, hafi bréfitari óskað eftir trúnaði. Trúnaðarmerkingar byggja ekki á neinum sérstökum lagaheimildum, heldur er höfðað til þess að það er sjálfsögð kurteisi að verða við beiðni um trúnað.

- Í lagfærðum samskiptum oddvita/sveitarstjóra og Persónuverndarfulltrúa Strandabyggðar, þ.e. ekki afritum af gögnum og án minnisblaða um símtöl, kemur fram í tölvupóst frá oddvita/sveitarstjóra að Matthías Sævar Lýðsson hafi áframsent umræddan tölvupóst til BB.is. Á hverju er sú vitneskja oddvita byggð?

= Þetta er ekki rétt. Orðrétt segir, gulmerking er mín:

„Ég þykist vita að Matthías Sævar Lýðsson, oddviti minnihlutans, hafi sent póstinn áfram, **annað hvort á bb.is eða einhvern sem síðan sendi póstinn á bb.** Hvernig sem ferlið var, þá er mín spurning til þín þessi: erum við, lýðræðsilega kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar, s em erum að vinna í góðri trú, óvarðir fyrir því að okkar samskipti séu send í fjölmiðla, án okkar vitundar?“

Þarna er hvergi fullyrt að Matthías Sævar Lýðsson hafi sent umræddan póst, heldur er það talið líklegt. Og í upptöku frá sveitarstjórnarfundinum kemur fram í máli oddvita, að honum (oddvita) hafi þótt það líklegt að Matthías Sævar Lýðsson hafi sent póstin, því hann hafi gert það áður. Í upptökunni kemur

einnig fram að Matthías Sævar Lýðsson hafi sent póstinn á Jón Jónsson. Matthías Sævar telur að Jón hafi átt rétt á að fá póstinn í nafni upplýsingalaga.

- Sá tölvupóstur sem um hér ræðir frá 18.09. 24 fjallar um afskipti sveitarstjóra/oddvita af máli sem snertir Jón Jónsson. Á sveitarstjórnarfundum 9. júlí 2024 lýsti oddviti sig vanhæfan til að fjalla um málið og vék af fundi. Áhrif vanhæfis eru skv. 4. Stjórnarsýslulaga nr. 37/1997 „*Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.*“ Á hvaða lagaheimildum taldi sveitarstjóri/oddviti sig hafa forsemdur til skrifa umræddan tölvupóst og hafa þannig afskipti af meðferð málsins?"

= Það má hverjum manni vera ljóst, að tilgangur þessa tölvupósts er að brýna KPMG í sinni vinnu við skýrslugerðina, þannig að allir sem hlut eiga að máli geti vel við unað. Það er mikilvægt fyrir oddvita sveitarstjórnar að undirstrika það. Í spurningu A lista er með engu sýnt eða tilgreint með hvaða hætti pósturinn ætti að hafa haft áhrif á meðferð málsins, enda sér hver sá sem les textann að þar er gætt að hagsmunum allra.

Hólmavík 5.2.25

Þorgeir Pálsson

oddviti